

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður. Áfrýjendurnir Einar sýslumaður Thorlacius, Þórarinn Guðmundsson, Kristján Hallgrímsson og I. M. Hansen greiði in solidum hinum stefndu í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur, er greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 12. desembermánaðar.

Nr. 14/1892:

Gísli Eiríksson

gegn

Magnúsi Vilbjálmssyni.

D ó m u r:

Mál þetta er höfðað í hjerði af Magnúsi Vilbjálmsyni í Sauðhaga gegn Gísla Eiríkssyni á Vestdalseyri, út af skuld, er hann telur til hjá Gísla. Gísli höfðaði aptur gagnsókn gegn Magnúsi — eða rjettara gagnkærði Magnús — til þess að fá hann dæmdan til að gjöra reikningsskil o. fl. Var málið í heild sinni dæmt í aukarjetti Norður-Múlasýslu, 6. febr. þ. á., með þeim úrslitum, að Gísli skyldi greiða Magnúsi skuld þá, er hann taldi til hjá Gísla, 158 kr. með 4% vöxtum frá sáttakærudegi, en Magnús skyldi vera sýkn af kærnum og kröfum gagnstefnanda (í hjerði) Gísla Eiríkssonar. Málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefur Gísli Eiríksson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu dags. 20. aprílmán. þ. á.

Hinn 18. ágúst f. á. gaf hinn stefndi Magnús Vil-

hjálmsson, úrsmið St. Th. Jónssyni á Seyðisfirði „vegna fjærveru“, umboð til þess, að mæta fyrir sína hönd fyrir sáttanefnd í máli þessu, eins og líka til að sættast á það, — sjálfur hafði hann ritað sáttakæruna sama dag. Umboðið nefnir berum orðum, að hann skuli mæta „í dag“, það er 18. ágúst. 21. s. m. gaf sáttanefndin út fyrir-kall í málinu og skyldu málspartar mæta 26. s. m. Þann dag mætti og umboðsmaður Magnúsar, en kærði ekki, enda var birting fyrirkallsins ólögmet; þá var gefið út nýtt fyrircall 27. s. m. til Gísla og Magnúsar að koma fyrir sáttanefndina 2. september næstan eptir. Hafði Stefán Jónsson hlutast til um, að þetta nýja fyrir-call var útgefið. En umboð til þess hafði hann ekkert annað en það frá 18. ágúst; og þar sem það umboð var bundið við ákveðinn dag, 18. ágúst, þá hafði Stefán Jónsson enga heimild til þess, að láta kalla Gísla fyrir 2. sept. eða til þess að mæta fyrir Magnús á sáttafundi þann dag. Það ber því sökum ólögmetrar sáttatilaunar að vísa aðalmálinu frá undirdómi og að dæma hjeradsdóminn í því ómerkan.

Að því gagnsóknarmálið snertir, þá er afleiðingin af frávísun aðalmálsins frá undirrjetti og ómerking þess, að því verður einnig að vísa frá undirrjettinum og dæma dóminn, að því það snertir, ómerkan. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði dómur á í heild sinni að vera ómerkur og vísast málinu frá undirdóminum.

Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.